

Fyrirspurn
Flytjendur
Til

E 4/2024
Stjórnsýsluhindranahópur Norðurlandaráðs
Ríkisstjórnar Svíþjóðar

Skrifleg fyrirspurn um umönnunargreiðslur ef umönnunaraðili og sjúklingur eru ekki báðir tryggðir í Svíþjóð

Til ríkisstjórnar Svíþjóðar

Komið hefur í ljós að þessi stjórnsýsluhindrun, sem hefur verið í forgangi hjá Stjórnsýsluhindranaráðinu frá árinu 2016, hefur ekki verið afgreidd hjá viðkomandi ráðherra. Afgreiðsla þýðir að ráðherra hafi leyst hindrunina eða afskrifað hana, sem merkir að ekki verði unnið frekar að lausn.

Einstaklingar sem starfa í Svíþjóð en búa í öðru landi geta ekki fengið sænskar umönnunargreiðslur fyrir að annast aðstandanda ef aðstandandinn á ekki aðild að sænskum almannatryggingum. Félagsmálaráðuneytið í Svíþjóð hefur svarað því að mikill metnaður sé fyrir því að leysa stjórnsýsluhindranir á Norðurlöndum. Þetta málefni er þó ekki svo einfalt hefur ýmsa snertifleti sem þarf að greina og varpa ljósi á, og til að gera það þarf að gera úttekt á sænskum aðstandendagreiðslum.

Félags- og heilbrigðismálaráðuneytið í Finnlandi hefur rannsakað þetta málefni. Í Svíþjóð eru reglur sem takmarka rétt á aðstandendagreiðslum. Í Finnlandi eru engar samsvarandi takmarkanir. Hindrunin krefst lagabreytingar í Svíþjóð, þar sem unnið er að umbótum á sviði félagsmála.

Þessi stjórnsýsluhindrun hefur verið í forgangi hjá Stjórnsýsluhindranaráði Norrænu ráðherranefndarinnar og henni var beint til viðkomandi ráðherra árið 2016, fyrir 7 árum, auk þess sem Svíþjóð og Ísland ákváðu fyrir fimm árum að skoða málefnið nánar.

Í ljósi þessa viljum við beina eftirfarandi spurningum til viðkomandi ráðherra:

- Hvenær reiknar ráðherra með því að þessi stjórnsýsluhindrun verði afgreidd sem afskrifuð samkvæmt ofangreindri skilgreiningu?
- Getur ráðherrann gefið stjórnsýsluhindranahópi Norðurlandaráðs uppfærðar upplýsingar um framgang vinnunnar að þessari stjórnsýsluhindrun frá árinu 2016?



Til upplýsingar hefur hindrunin verið sett í forgang af eftirfarandi meðlimum Stjórnsýsluhindranaráðs frá árinu 2016: Anders Ahnlid, Svíþjóð, Max Andersson, Álandseyjum og Kimmo Sasi, Finnlandi.

Nánari upplýsingar er að finna í gagnagrunni stjórnsýsluhindrana, stjórnsýsluhindrun nr. 17-004:

<https://www.norden.org/sv/border-database/man-kan-inte-fa-narstaendepenning-om-inte-bade-vardare-och-den-sjuka-ar-forsakrad-i>

Sjá nánar í skýrslu Stjórnsýsluhindranaráðsins:

<https://pub.norden.org/politknord2023-701/#113721>

Stokkhólmi, 6. febrúar 2024

Per-Arne Håkansson (S)
Anna-Kristiina Mikkonen (sd)
Kim Berg (sd)
Truls Vasvik (A)
Ann-Sofie Alm (M)
Heikki Autto (saml)
Johan Hultberg (M)
Maria Stockhaus (M)

Catarina Deremar (C)
Johan Dahl (sb)
Kjell-Arne Ottosson (KD)
Ola Elvestuen (V)
Sandra Listherby (Lib)
Victoria Tiblom (SD)
Tor André Johnsson (FrP)